

**BORUN UM 300 METRA DJÚPRAR HOLU FYRIR HITAVEITU
LANDBÚNAÐARHÁSKÓLA ÍSLANDS Á REYKJUM,
SVEITARFÉLAGINU ÖLFUS**

Ákvörðun um matsskyldu

HELSTU NIÐURSTÖÐUR

Það er niðurstaða Skipulagsstofnunar að borun um 300 m djúprar holu fyrir hitaveitu Landbúnaðarháskóla Íslands á Reykjum í Ölfusi sé ekki líkleg til að hafa í för með sér umtalsverð umhverfisáhrif og skuli því ekki háð mati á umhverfisáhrifum.

Skipulagsstofnun vekur athygli á að framkvæmdirnar eru háðar framkvæmdaleyfi sveitarfélagsins Ölfuss skv. 27. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 m.s.b. og væntanlegur verktaki þarf að hafa starfsleyfi til jarðborana. Tilkynna þarf Orkustofnun um fyrirhugaða jarðborun, skv. 10. gr. laga nr. 57/1998 um rannsóknir og nýtingu á auðlindum úr jörðu.

Skipulagsstofnun ítrekar mikilvægi þess að Landbúnaðarháskóla Íslands og aðrir sem að framkvæmdinni koma viðhafi þá verktilhögun og mótvægisaðgerðir sem kynnt hafa verið við meðferð málsins og vöktun á aðgerðum og áhrifum.

Samkvæmt 14. gr. laga nr. 106/2000 m.s.b. má kæra ákvörðun Skipulagsstofnunar til umhverfisráðherra. Kærufrestur er til 27. október 2008.

23. september 2008

INNGANGUR

Þann 29. ágúst 2008 tilkynnti Landbúnaðarháskóli Íslands fyrirhugaða borun eftir heitu vatni á Reykjum í Ölfusi til umhverfisráðuneytisins og óskaði eftir flýtimeðferð skv. 4. mgr. 5. gr. laga um mat á umhverfisáhrifum. Skipulagsstofnun barst erindið frá umhverfisráðuneytinu þann 1. september 2008. Við nánari skoðun Skipulagsstofnunar telur stofnunin að málsmeðferð skv. 4. mgr. 5. gr. framangreindra laga eigi aðeins við um framkvæmdir á 1. viðauka laganna eða framkvæmdir sem ákvarðaðar hafa verið matsskyldar samkvæmt 6. gr. laganna. Skipulagsstofnun hefur því tekið málið til afgreiðslu samkvæmt 6. gr. laga um mat á umhverfisáhrifum nr. 106/2000 og lið 2 c ii í 2. viðauka laganna.

Skipulagsstofnun leitaði álits Heilbrigðiseftirlits Suðurlands og Umhverfisstofnunar en fyrir lá afgreiðsla sveitarfélagsins Ölfuss dags. 19. september 2008.

Umsagnir bárust frá Heilbrigðiseftirliti Suðurlands með tölvupósti dags. 22. september 2008 og Umhverfisstofnun með tölvupósti dags. 22. september 2008. Frekari upplýsingar bárust frá Landbúnaðarháskóla Íslands með tölvupósti 23. ágúst 2008.

FRAMLÖGÐ GÖGN FRAMKVÆMDARAÐILA

Fyrirhuguð framkvæmd. Í framlögðum gögnum framkvæmdaraðila kemur fram að í kjölfar jarðskjálftanna á Suðurlandi þann 29. maí sl. hafi virkni jarðhitasvæðisins á Reykjum í Ölfusi breyst með þeim hætti að þrýstingur hafi fallið í borholum og ekki fáið lengur nægilegt heitt vatn úr þeim til að anna þörfum skólans á Reykjum. Tilraunir til að auka virkni holanna á ný hafi ekki skilað varanlegum árangri. Kennslustarf sé í uppnámi ef ekki takist að halda hita á skólahúsi og í gróðurhúsum geti orðið verulegt tjón ef hitastigið í húsunum fer undir 12°C.

Fyrirhugað sé að bora eina 300 m djúpa holu mitt á milli þeirra borhola sem fyrir eru. Hægt sé að nýta vegslóða sem liggja inn á borsvæðið og framlengja hann til að komast að borstaðnum og styrkja þurfi undirlagið undir borinn með malarpúða, því nokkuð sé um hveravirkni á borsvæðinu. Skolvatni verði dælt úr Varmá með rafmagnsdælu, áætlað magn sé um 10 – 15 l/sek og verði það leitt aftur í Varmá, eftir að leir hafi verið botnfelldur í gám þar sem áætlað er að 60-70% af honum verði eftir. Affall fari í læk sem renni um land Reykja og sé nú þegar fullur af leir frá leirhverum á nýju leirhvasvæði sem sé nokkru fyrir ofan borsvæðið. Áætlaður bortími sé um vika, eftir að borinn er kominn á staðinn.

Í framlögðum gögnum framkvæmdaraðila er staðsetning fyrirhugaðrar borholu sýnd á ljósmynd. Fjarlægð borstaðarins, samkvæmt ljósmyndinni, frá vegi (Reykjamörk) verði um 40 m en um 30 m frá núverandi vegslóð er liggur út á svæðið á móts við heimkeyrsluna að skólanum. Borsvæðið er ummyndað af hveravirkni, með gufuaugum og nánast gróðurlaust. Eftir jarðskjálftana hafi nýir hverir verið að koma upp á yfirborðið í kringum borsvæðið. Mat sérfræðinga hjá Orkustofnun og ÍSOR sé að borun muni hafa hverfandi áhrif á þessar hveramyndanir þar sem hverasvæðið sé síbreytilegt og líklegt að hinir nýju hverir muni hverfa smám saman aftur á nokkrum árum, óháð borun. Slík hverasvæði hafi áður myndast og horfið á Reykjum í kjölfar jarðskjálfta, t.d. um miðja síðustu öld og virðist borun eftir heitu vatni á borsvæðinu ekki hafa haft úrslitaáhrif á virkni hveranna.

ÁLIT UMSAGNARAÐILA OG VIÐBRÖGÐ FRAMKVÆMDARAÐILA

Almennt. Sveitarfélagið Ölfus, Heilbrigðiseftirlit Suðurlands og Umhverfisstofnun telja að framkvæmdin muni ekki hafa umtalsverð umhverfisáhrif.

Heilbrigðiseftirlit Suðurlands bendir á að væntanlegur verktaki þarf að hafa starfsleyfi vegna jarðborana. Jafnframt er bent á að allt borvatn og skolvökvar þurfi að fara um setsú þannig að möl og eðja frá framkvæmdunum fari ekki óhindrað í umhverfið og að sjá þarf til þess að nægjanleg kæling náist á borvökum og heitu vatni, er fellur frá framkvæmdinni, áður en það rennur í Varmá.

Umhverfisstofnun minnir á að Varmá er á náttúruminjasrá, svæði nr. 751, sem svæði með mikið vísindalegt gildi og telur stofnunin nauðsynlegt að allar framkvæmdir taki mið af því og þess vegna verði að kappkosta að allt athafnasvæði verði eins langt frá bökkum árinna og mögulegt sé. Umhverfisstofnun telur einnig að fylgjast þurfi vel með losun skolvatns og telur eðlilegt að Heilbrigðiseftirlit Suðurlands samþykki fellingarbúnaðinn áður en borun hefst.

Í svörum framkvæmdaraðila kemur fram að Landbúnaðarháskóli Íslands geri ekki athugasemdir við umsagnirnar og muni taka fullt tillit til þeirra ábendinga sem þar koma fram varðandi staðsetningu framkvæmdasvæðis, fyrirkomlag vatnsöflunar og frárennslis frá borstað. Einnig muni skólinn óska eftir því við verktaka að hann leggi fram starfsleyfi til jarðborana.

NIÐURSTAÐA SKIPULAGSSTOFNUNAR

Framkvæmdin er tilkynningarskyld til ákvörðunar um matsskyldu samkvæmt 6. gr. og lið 2 c ii í 2. viðauka í lögum um mat á umhverfisáhrifum nr. 106/2000 m.s.b. Um er að ræða borun einnar um 300 m djúprar holu mitt á milli borhola sem fyrir eru. Fyrirhugað er að nýta vegslóða sem liggur inn á borsvæðið og framlengja hann (um 30 m) til að komast að borstaðnum en styrkja þarf undirlagið undir borinn með malarpúða því nokkur jarðhitavirkni er borsvæðinu.

Fulltrúi Skipulagsstofnunar hefur skoðað aðstaður á vettvangi þar sem borholur skólans eru og fyrirhugað er að bora nýja holu. Jarðhitasvæðið er lághitasvæði með hverum og laugum og varð mikil aukning í virkni í kjölfar jarðskjálftanna á liðnu sumri. Á svæði umhverfis núverandi borholur er nokkuð um gufuaugu en vatnshverir eiga ekki að raskast við fyrirhugaða framkvæmd. Svæðið er að mestu gróðursnautt vegna ummyndunar af völdum jarðhita. Mannvirki við eldri borholur eru fyrst og fremst toppar fóðringa og lokabúnaður og síðan lagnir frá holunum og muni mannvirki vegna borunar og virkjunar nýrrar holun ekki breyta ásýnd svæðisins verulega.

Í samræmi við 6. gr. laga um mat á umhverfisáhrifum nr. 106/2000 m.s.b. hefur Skipulagsstofnun farið yfir þau gögn sem lögð voru fram af hálfu Landbúnaðarháskóla Íslands við tilkynningu, umsagnir og viðbrögð Landbúnaðarháskóla Íslands vegna þeirra. Á grundvelli þessara gagna er það niðurstaða Skipulagsstofnunar að borun um 300 m djúprar holu fyrir hitaveitu Landbúnaðarháskóla Íslands á Reykjum í Ölfusi sé ekki líkleg til að hafa í för með sér umtalsverð umhverfisáhrif og skuli því ekki háð mati á umhverfisáhrifum.

Skipulagsstofnun vekur athygli á að framkvæmdirnar eru háðar framkvæmdaleyfi sveitarfélagsins Ölfuss skv. 27. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 m.s.b. og væntanlegur verktaki þarf að hafa starfsleyfi til jarðborana. Tilkynna þarf Orkustofnun um fyrirhugaða jarðborun, skv. 10. gr. laga nr. 57/1998 um rannsóknir og nýtingu á auðlindum úr jörðu.

Skipulagsstofnun ítrekar mikilvægi þess að Landbúnaðarháskóla Íslands og aðrir sem að framkvæmdinni koma viðhafi þá verktilhögun og mótvægisáðgerðir sem kynnt hafa verið við meðferð málsins og vöktun á aðgerðum og áhrifum.

Samkvæmt 14. gr. laga nr. 106/2000 m.s.b. má kæra ákvörðun Skipulagsstofnunar til umhverfissráðherra. Kærufrestur er til 27. október 2008.

Rut Kristinsdóttir

Þóroddur F. Þóroddsson

